

REGLUR

um varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar.

1. gr.

Gildissvið.

- 1.1. Að því er varðar þessar reglur, merkir olía hráolíu og allar tegundir unninnar olíu, þar með talið bensín, steinolía, gasolía og svartolía, og skal olíumengun, olíubirgðastöð og olíubirgðageymir, hafa merkingu í samræmi við það.
- 1.2. Reglum þessum er ætlað að ná til allra olíubirgðageyma og mannvirkja þeirra, sem notkun geymanna tilheyrir og gætu hugsanlega valdið olíumengun sjávar, ef að þeim kæmi óvæntur olíuleki sbr. þó grein 1.3 og 1.4.
- 1.3. Reglur þessar skulu ekki ná til olíubirgðageyma, sem rúma minna en 10 000 lítra af olíu.
- 1.4. Reglur þessar skulu ekki gilda fyrir olíubirgðageyma, sem eru grafnir í jörðu, en um slíka geyma þarf sérstakt samþykki Siglingamálastofnunar hverju sinni vegna mengunarvarna.

2. gr.

Almenn ákvæði.

- 2.1. Eigi skal velja olíubirgðastöðvum stað, þar sem hættu er talin á að náttúruhamfarir, s. s. skriðuföll og snjóflóð, geti valdið spjöllum á landi og/eða mannvirkjum að mati viðkomandi skipulagsyfirvalda.
- 2.2. Um olíubirgðageyma skal vera olíuheld varnarþró, sem varnar því, að olíuleki úr geymi eða lögnum innan þróar, geti valdið óvæntri olíumengun utan hennar. Um stærð og gerð varnarþróa fer skv. 4. gr.
- 2.3. Olíubirgðastöðvar skulu vera girtar fyrir mannaferð og lokaðar utan þess tíma, er starfsmenn eru í stöðinni.
- 2.4. Í hverri olíubirgðastöð skal vera búnaður til þess að skilja að olíu og vatn, og skal allt yfirborðsvatn, svo og undantöppunaratn frá olíubirgðageymum leitt um þennan búnað, áður en því er hleypt út úr stöðinni.
- 2.5. Í olíuinnflutningsstöðvum, þar sem olíu er dælt í olíuflutningaskip, skulu vera fullnægjandi móttökuskilyrði fyrir olíublandaða kjölfestu frá olíuflutningaskipum.
- 2.6. Eigendur olíubirgðastöðva skulu tilkynna Siglingamálastofnun ríkisins tafarlaust um öll óhöpp, er verða í tengslum við starfsemi viðkomandi olíubirgðastöðvar og leiða til þess, að olía fer í sjó.

3. gr.

Teikningar.

- 3.1. Áður en hafist er handa um byggingu nýrra olíubirgðastöðva eða breytingar á eldri stöðvum, skal senda til Siglingamálastofnunar ríkisins teikningar í þríriti af fyrirkomulagi í stöðinni til samþykktar.
Teikningar skulu sýna eftir aðstæðum:
 - a) Stærð og gerð olíuheldrar varnarþróar. Jarnframt skulu fylgja teikningum niðurstöður lektarprófs á jarðvegi, ef fyrirhugað er að byggja þróna úr jarðvegi, eingöngu.
 - b) Staðsetningu og stærð einstakra geyma, röralagnir og staðsetningu loka.
 - c) Staðsetningu, stærð og gerð olíuskiljubúnaðar.

- 3.2. Verktaki sá, er tekur að sér að sjá um verk viðkomandi búnaði olíubirgðastöðvar til varnar gegn olíumengun sjávar, skal tilkynna Siglingamálastofnun ríkisins, hvenær byrjað verður á verkinu og hvenær áætlað er, að því ljúki vegna eftirlits.

4. gr.

Olíuheld varnarþró.

- 4.1. Stærð olíuheldrar varnarþróar skal vera sem hér segir:
- Fyrir einn olíubirgðageymi, skal rúmtak þróarinnar ekki vera minni en 60% af rýmd geymisins.
 - Fyrir tvo olíubirgðageyma eða fleiri í sömu þró, skal rúmtak þróarinnar ekki vera minna, en sem svarar 90% af rýmd stærsta geymisins í þrónni að viðbættri rýmd annarra geyma í veggð þróarinnar.
- 4.2. Sé rúmtak varnarþróar skv. 4.1. (a) og (b) minna en 100% af rýmd viðkomandi geymis, skal tryggt, að fyrir hendi sé á staðnum, búnaður til frumaðgerða, vegna olíumengunar í sjó, fullnægjandi að mati Siglingamálastofnunar ríkisins.
- 4.3. Gerð olíuheldrar varnarþróar skal tryggja, að olía sú, sem geymd er í geymum í þrónni, leki ekki að marki út í umhverfi olíubirgðastöðvarinnar, ef þróin fyllist af slíkri olíu. Þetta skal merkja, að leki olíunnar um gólf og veggi þróarinnar, sé aldrei meiri á 24 klst., en sem svarar $\frac{1}{10}$ af rúmtaki hennar.
- 4.4. Ef byggja á varnarþró úr jarðvegi, skal hann lektarmældur af viðurkenndum aðila og teljast viðunandi byggingarefni, ef lektin er minni, en sem svarar 10—4 cm/s miðað við vatn eða vökva með ámóta seigju. Lektarpróf skal framkvæma með 90—95% þjöppun og skal þjöppun á staðnum ekki vera minni en það.
- 4.5. Siglingamálastofnun getur, í samráði við olíufélög, sett nánari ákvæði um gerð og byggingu varnarþróa, ef ástæða þykir til.

5. gr.

Lokar og lagnir.

- 5.1. Lokar skulu vera inni í þrónni, á lögnum að og frá geymi og skulu þeir ávallt vera lokaðir, nema á meðan dælt er úr eða í geyminn.
- 5.2. Á löndunarlögnum þ. e., þar sem olíu er dælt úr olíuflutningaskipum, skulu vera einstefnulokar.
- 5.3. Lagnir að og frá geymum utan varnarþróar, skulu gerðar fyrir 10 kg/cm² vinnuþrýsting.
- 5.4. Múrningar olíuflutningaskipa og olíulagnir, sem lagðar eru neðansjávar, skulu háðar eftirliti eigenda, að höfðu samráði við Siglingamálastofnun ríkisins.

6. gr.

Lekabyttur.

- 6.1. Við öll tengi á olíulögnum utan varnarþróar, skulu vera lekabyttur til þess að taka við tilfallandi olíuleka.

7. gr.

Olíuskiljubúnaður.

- 7.1. Olíuskiljubúnaður skal vera utan varnarþróar. Lokar skulu vera á lögnum að skiljubúnaði, og skulu þeir ávallt vera lokaðir utan þess tíma, sem starfsmenn eru stöð-inni.

7.2. Gerð og fyrirkomulag olíuskiðjubúnaðar er háð samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins, og skal stofnunin gefa út leiðbeiningar fyrir eigendur oliubirgðastöðva við hönnun á slíkum búnaði.

8. gr.
Eftirlit.

8.1. Siglingamálastofnun ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna.

9. gr.
Refsingar.

9.1. Brot gegn reglum þessum skulu varða sektum, nema þyngrri refsing liggja við samkvæmt öðrum ákvæðum.

10. gr.
Gildistaka.

10.1. Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 3. gr. laga nr. 77, 10. maí 1966, birtast hér með til að öðlast þegar gildi gagnvart oliubirgðastöðvum, sem byggðar eru eftir gildistöku reglanna, en stefnt skal að því að koma eldri oliubirgðastöðvum, sem fyrst, í sama horf.

Samgönguráðuneytið, 10. september 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti af aðalskipulagi Ísafjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 20. september 1982 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Ísafjarðar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Ísafjarðar og Skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi felldur skipulagsuppdráttur sá af Ísafirði, sem staðfestur var af félagsmálaráðuneytinu 16. mars 1927.

Félagsmálaráðuneytið, 22. september 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.